

BORGARRÁÐ 7. janúar 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um yfirlit yfir dómsmál borgarinnar frá 2018 - R21010120

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá yfirlit yfir fjölda dómsmála frá árinu 2018 sem Reykjavíkurborg hefur höfðað og fjölda dómsmála frá árinu 2018 sem Reykjavík á aðild að sem stefndi. Óskað er eftir sundurliðun á málum eftir niðurstöðu þeirra. Einnig er óskað eftir sundurliðun á málum eftir efni þeirra og tegund, svo sem hvort um er að ræða bótamál, innheimtumál, mál þar sem deilt er um lögmæti stjórnvaldsákvarðana o.s.frv. Einnig er óskað svara við eftirfarandi spurningum: Hver er heildarfjárhæð krafna sem Reykjavíkurborg hefur verið dæmd til að greiða og hver er heildarfjárhæð þeirra krafna sem Reykjavíkurborg hefur krafist viðurkenningar á og dómstólar hafa fallist á? Hve mörg dómsmálanna eru barnaverndarmál og lögræðismál (flýtimeðferðarmál)?